

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-38/2016:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 19. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um ísskáp sem fylgdi með fasteign sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi telur að ísskápurinn sé haldinn galla. Ekki er beinum orðum fyrir að fara kröfugerð í málinu.

**II**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um ísskáp sem fylgdi fasteign sem álitsbeiðandi keypti af seljanda í apríl 2016 og er ísskápurinn tilgreindur sérstaklega í kaupsamningi um fasteignina. Um kaup á fasteignum og umsamið fylgifé þeirra skv. kaupsamningi gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup, sbr. og 22. gr. þeirra laga. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson